

GJALDSKRÁ

fyrir leyfisveitingar og þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra.

1. gr.

Lagaheimildir og meginreglur.

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að sá aðili sem sækir um byggingarleyfi eða -heimild, óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi eða óskar eftir þjónustu eða sætir eftirliti af hálfu skipulags- og byggingarfulltrúa skuli greiða þann kostnað sem leyfisveiting, þjónusta eða eftirlit hefur í för með sér, sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og skv. 2. mgr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna umsýslu málsins, móttöku þess, yfirferð aðal- og séruppráttá, skráningarvinnu, útmælinga, úttekta, útgáfu vottorða sem og nauðsynlegra auglýsinga og kynninga sem afgangur málsins kann að fela í sér. Jafnframt skal umsækjandi greiða fyrir þá þjónustu sem embætti skipulags- og byggingarfulltrúa veitir, skv. þessari gjaldskrá.

2. gr.

Byggingarleyfisgjöld.

Byggingarleyfi og -heimild skiptist í afgreiðslugjald og rúmmetragjald. Fyrir sérhvert nýtt byggingarleyfi eða -heimild vegna nýrra mannvirkja, viðbygginga eða verulegra breytinga á þegar byggðu mannvirki, greiðist óafturkræft byggingarleyfisgjald.

Fyrir byggingarleyfi og -heimildir skal greiða afgreiðslugjald og rúmmetragjald. Innifalið í gjaldinu er skráning umsóknar, yfirferð hönnunargagna, útgáfa byggingarleyfis, útsetning byggingareits og lögbundnar úttektir. Greitt er eftir umfangsflokkun mannvirkis sem er skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Sé sótt um endurnýjun byggingarleyfis og breytingar að auki skal farið með það sem nýtt byggingarleyfi, það sem áður hefur verið greitt kemur til frádráttar.

Tímargjald skipulags- og byggingarfulltrúa er 17.190 kr.

3. gr.

Gjaldskrá byggingarsviðs.

3.1 Byggingarleyfisgjöld og -heimild:

<i>* Umfangsflokkur</i>	<i>Afgreiðslugjald</i>	<i>Gjald x rúmmetragjald</i>	
Sumarhús	1	77.926 kr.	590 kr. * rúmmetragjald
Einbýli	2	77.926 kr.	329 kr. * rúmmetragjald
Fjölbýlishús	2	77.926 kr.	329 kr. * rúmmetragjald
Þjónustuhúsnæði; skrifstofu-, verslunar- og gistihúsnæði	2	77.926 kr.	329 kr. * rúmmetragjald
Iðnaðarhúsnæði og landbúnaðarbyggingar	1	77.926 kr.	95 kr. * rúmmetragjald
Óeinangraðar skemmur og gróðurhús	1	77.926 kr.	70 kr. * rúmmetragjald

3.2 Úttektir:

	<i>Fjárhæð kr.</i>
Úttekt sem ekki er innifalin í 2. gr.	32.499
Endurtekin úttekt á hönnunargögnum	32.499
Endurtekin fokheldis- eða lokaúttekt	32.499
Öryggisúttekt	32.499
Úttekt vegna rekstrar- eða starfsleyfis	32.499

3.3 Stöðuleyfi:

Innifalið í gjaldinu er afgreiðslu- og stöðuleyfisgjald.

		<i>Stöðuleyfisgjald kr.</i>
	Stöðuleyfi fyrir 40 feta gám á gámasvæði sveitarfélagsins	43.993
	Stöðuleyfi fyrir 20 feta gám á gámasvæði sveitarfélagsins	25.139
	Stöðuleyfi fyrir söluvagna og söluskúra, 0-6 mánuðir	57.384
	Stöðuleyfi fyrir söluvagna og söluskúra, 6-12 mánuðir	114.769
3.4	Staðvísar og auglýsingaskilti:	<i>Fjárhæð kr.</i>
	Staðvísir (blár) 0 - 5 stafir	41.596
	Staðvísir (blár) 5 - 10 stafir	57.220
	Staðvísir (blár) 10 - 15 stafir	62.180
	Önnur skilti	71.736
	* Staðvísar koma með festingum og Vegagerðin sér um uppsetningu.	<i>Umsýslugjald kr.</i>
		12.275
		12.275
		12.275
		12.275
3.5	Umsagnir og vottorð:	<i>Fjárhæð kr.</i>
	Umsögn vegna rekstrar- og starfsleyfa	15.953
	Flutningsheimild	7.976
	Önnur vottorð	15.953
	Aðrar umsagnir	15.953
3.6	Önnur þjónustugjöld:	
	Vegna málsmeðferðar tilkynnta framkvæmda, sbr. gr. 2.3.5 og 2.3.6 í byggingarreglugerð. Inni- falið er varðveisla gagna, yfirferð hönnunargagna og yfirferð m.t.t. samræmis við skipulag.	
		<i>Fjárhæð kr.</i>
	Tilkynningarskyld framkvæmd	38.391
	Breyting á skráningu í fasteignaskrá	38.391
	Synjun á erindi	12.275
	Útsetning, keypt þjónusta.	Skv. reikningi
	4. gr.	
	<i>Gjaldskrá skipulagssviðs.</i>	
	Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða gera breytingu á skipulagsáætlun vegna leyfisskyldra framkvæmda eða að grenndarkynna byggingarleyfisumsókn er tekið gjald sem nemur kostnaði við skipulagsgerðina, umsýslu, kynningu og auglýsingu.	
	Tímagjald skipulags- og byggingarfulltrúa er 17.190 kr.	
	Afgreiðslugjald í skipulagsnefnd er 12.275 kr.	
4.1	Aðalskipulag:	<i>Fjárhæð kr.</i>
	Aðalskipulagsbreyting skv. 1. mgr. 36. gr.	
	Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
	Umsýslu- og auglýsingakostnaður	236.348
	Óveruleg breyting á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr.	
	Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
	Umsýslu- og auglýsingakostnaður	93.061
4.2	Deiliskipulag:	
	Nýtt deiliskipulag skv. 37.–42. gr.	
	Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
	Umsýslu- og auglýsingakostnaður	236.348
	Nýtt deiliskipulag skv. 37.–42. gr. án lýsingar og kynningar skv. 4. mgr. 40. gr.	
	Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
	Umsýslu- og auglýsingakostnaður	168.398
	Breyting á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr.	
	Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
	Umsýslu- og auglýsingakostnaður	168.398

Óveruleg breyting á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. með grenndarkynningu	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður	93.061
Óveruleg breyting á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. án grenndarkynningar	
Vinnsla breytingartillögu	skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður	44.315
4.3 Grenndarkynning:	<i>Fjárhæð kr.</i>
Grenndarkynning byggingarleyfis skv. 44. gr.	58.500
Grenndarkynning starfs- og rekstrarleyfis	58.500
4.4 Landskipti og breytt skráning fasteigna:	<i>Fjárhæð kr.</i>
Stofnun nýrra lóða í landskrá fasteigna skv. 48. gr. skipulagslaga	27.513
Landnúmer umfram eitt (per lóð)	7.976
Breyting á skráningu í landskrá fasteigna	13.295
4.5 Framkvæmdarleyfi skv. 1. mgr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:	

Fyrir útgáfu framkvæmdarleyfis í samræmi við 13.–16. gr. skipulagslaga, ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar að fenginni tillögu skipulagsfulltrúa. Fjárhæð gjaldsins skal ekki vera hærri en sem nemur kostnaði við undirbúning leyfis og lögbundins eftirlits s.s. umsýslu og málsmeðferð skipulagsfulltrúa, utanaðkomandi sérfræðivinnu, nauðsynlegar umsagnir, auglýsingar o.s.frv. Lágmarksgjald skal vera 77.552 kr.

Pegar álit Skipulagsstofnunar er skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, nauðsynlegt vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þess hluti af kostnaði við undirbúningsleyfis.

5. gr.

Önnur gjöld skipulags- og byggingarembættisins.

	<i>Fjárhæð kr.</i>
Viðurkenning meistara	14.607
Eignaskiptayfirlýsing, 1-5 eignir	27.711
Eignaskiptayfirlýsing, umfram 5 eignir, hver eign	5.618
Útsetningar og mælingar	Skv. tímagjaldi
Gerð lóðarleigusamnings	26.590
Útsend gögn og teikningar	3.685
Stofnun fasteignanúmera fyrir fjölbýli	12.275
Tímagjald skipulags- og byggingarfulltrúa	17.190

6. gr.

Prentun og ljósritun.

	<i>Fjárhæð kr.</i>
Blaðastærð A1, per örk	2.669
Blaðastærð A2, per örk	1.281
Blaðastærð A3, per örk	267

7. gr.

Gjaldddagi.

Gjöld vegna útgáfu byggingarleyfis eða -heimildar, þ. e. afgreiðslugjald og eftirlits- og yfirferðargjald, skal alla jafna innheimt saman með einum reikningi að loknum afgreiðslufundi embættisins þar sem viðkomandi mál var afgreitt.

Önnur gjöld skv. gjaldskránni skal greiða samhliða því að verk er unnið.

8. gr.

Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Gjöld samkvæmt gjaldskránni miðast við byggingarvísitölu, grunnur 2009 í nóvember 2023, 185,9 stig, og breytast þau 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni.

Leyfisgjöld eru óafturkræf þó að leyfi falli úr gildi.

Jafnframt fellur gjaldskrá nr. 532/2011 um byggingarleyfisgjöld og tengda þjónustu fyrir byggingar- og skipulagssembætti Rangárbings bs. úr gildi við gildistöku gjaldskrár þessarar.

Samþykkt í sveitarstjórn Rangárbings eystra, 14. desember 2023.

Anton Kári Halldórsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 21. desember 2023